

Júní 2022

Sjálfsmat Krikaskóla



Þrúður Hjelm
Skólastjóri Krikaskóla
Júní 2022

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Kannanir Skólapúlsins	3
2. Starfsmannakönnun Mosfellsbæjar - stjórnendamat	7
3. Námsmat – samræmd próf - lesfimi - Hljóm-2 athugun	8
4. Haustfundur og kynning á skólastarfi	11
5. Starfsmannasamtöl	11
6. Sjálfsmat teyma	13
7. Samráðsfundir barna og kennara – barnafundir	16
8. Endurmat sérkennsluþarfa og áætlanir um aðkomu sérfræðipjónustu	16
9. Fjárhagsáætlun	17
10. Skólaþing	17
11. Ýmis verkefni	18
12. Starfsáætlun - Skólanámskrá	19
13. Endurmat á samkomulagi við grunnskólakennara	20
14. Vinnueftirlitið - áhættumat	20
16. Starfendarannsóknir Krikaskóla	20
17. COVID-19	20
Lokaorð	23

Inngangur

Lögð er skylda á skóla í lögum um grunnskóla 2008 nr. 91 að meta skólastarf með kerfisbundnum hætti, árangur og gæði skólastarfsins á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólinn skal birta upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sama skylda er samkvæmt lögum um leikskóla 2008 nr. 90 í grein 18.

Markmið með innra mati skólans er eftirfarandi:

35. gr. Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í lögum um leikskóla 2008 nr. 90;

17. gr. Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Gerð er 3 ára áætlun fyrir innra mat skólans sem endurskoðuð er reglulega eftir þörfum. Nauðsynlegt getur verið að færa til þætti og flýta endurskoðun eftir því sem starf skólans kallar á. Hér er áætlun sem tekur til skólaársins 2019-2020:

Árlegt innra mat:

Foreldraviðtöl haldin minnst 2 á ári fyrir hvert barn

Haustfundur og foreldrasamtal til kynningar á námi og leik barna í Krikaskóla

Starfsmannasamtöl – árlega að lágmarki

Sjálfsmat teyma kennara tvisvar til fjórum sinnum á ári

Samráðsfundir kennara og barna eftir þörfum – með eða án skólastjórnenda

Úrvinnsla námsmats – vegna niðurstaðna úr mælingum skólans á námslegri stöðu eftir hverja mælingu með viðkomandi teymi – tvisvar á ári á kennarafundi með öllum faghópum

Endurmat sérkennsluþarfa og fyrirkomulag sérkennslu og stuðnings tvisvar á ári

Fjárhagsáætlun og ársfjórðungsuppgjör

Endurmat á samkomulagi Krikaskóla við grunnskólakennara vegna 200 daga skóla – þrisvar á ári

Mat á einstökum þáttum í innra starfi skólans

Áhættumat í samvinnu við Vinnueftirlit Ríkisins

Brunavarnir – mat unnið í samvinnu við Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu

2021-2022

Ytra mat á starfi grunnskóla og frístundar í Krikaskóla – haustönn 2021

Foreldrakönnun grunnskóla febrúar 2022– Skólapúlsinn

Foreldrakönnun leikskóla febrúar 2022 – Skólapúlsinn

Íslenska æskulýðsrannsóknin – Niðurstöður úr könnun í Krikaskóla fyrri hluti – vorönn 2022

Íslenska æskulýðsrannsóknin – Lokaskýrsla með samanburði við landstölur – vorönn 2022

Viðhorfskönnun starfsmanna Mosfellsbæjar apríl 2022 - Maskína fyrir Mosfellsbæ

Stjórnendamat apríl 2022 – Maskína fyrir Mosfellsbæ

Endurskoðun forvarnaráætlunar gegn einelti og áreitni – áframhaldandi vinna frá fyrra skólári

1. Kannanir Skólapúlsins

Samið er við Skólapúlsinn um að gera kannanir meðal foreldra barna í Krikaskóla. Ekki er hægt að gera eina könnun þar sem sér könnun er gerð fyrir leikskóla og önnur fyrir grunnskóla. Því þarf að leggja tvær kannanir fyrir. Áætlað er að gera kannanir í Krikaskóla annað hvert ár en í ljósi sérstöðu skólaársins 2020-2021 var gerð aukakönnun fyrir foreldra grunnskóla þá. Hefðbundin könnun var svo gerð fyrir skólaárið 2021-2022 fyrir bæði skólastigin.

Almennt er búið til 120 nemenda líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í janúar. Vegna smæðar Krikaskóla eru allir foreldrar þátttakendur í könnuninni.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfráviknið er 2. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun og mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþátta fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans var fastsett við fyrstu fyrirlögn árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigert viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Í öðrum tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Öryggismörk í marktektarprófum voru 90%. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Niðurstöður:

Foreldrakönnun leikskóla febrúar 2022 – svarhlutfall var 87, 1%

1. Daglegt leikskólastarf – 91,4% (landið 92,2%) foreldra voru ánægð með leikskólann og 94,5% (landið 94,8%) foreldra sögðu barnið sitt ánægt í leikskólanum. Ánægja foreldrar með stjórnun skólans er 98,6% (landið 95,2%). Minna er um sérþarfir í mataræði og foreldrar telja að í skólanum sé hollt mataræði 100,0% (landið 95,2%).
2. Námsumhverfi – Foreldrar meta aðstöðu góða 98% (landið 92,6%) og vinnubrögð 86,1% (landið 89,1%). Þátttaka án aðgreiningar telja foreldrar ganga vel í 97,6% (landið 97,2%) tilfella.
3. Samskipti við foreldra – Ánægja með heimasíðu skólans dalar milli mælinga 82,8% (landið 85,3%) telja hana þó enn góða. Þekking á stefnu og námskrá leikskólans hefur breyst frá síðustu könnun og 79,1% (landið 81,4%) foreldra töldu sig þekkja hana. Foreldrar telja sig ekki fá hvatningu til þátttöku í

leikskólastarfinu 46,9% (landið 63,8%) og þarf nauðsynlega að endurskoða þá þætti í skólastarfi Krikaskóla.

4. Upphaf og lok leikskólagöngu – leikskólabyrjun mátu 68,8% (landið 74,3%) foreldra góða og er það lægra hlutfall en við eigum að venjast frá fyrri árum. Flutning milli skólastiga er 100% (landið 67,6%) ánægja með sem er mikil breyting milli mælinga. Aðeins mjög lítil hluti foreldra svöruðu þessari spurningu sem litast mikið af því að í Krikaskóla er samþætting það mikil að foreldrar verða lítið varir við yfirfærslu milli skólastiganna. Flutningur á milli deilda fékk 92,9% (landið 90,5%) ánægju samkvæmt mati foreldra.

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta er nýr þáttur í könnuninni. Þar eru ekki mörg svör foreldra en hlutfall sérkennslu og stuðnings er 6,2% (landið 14,7%). Hlutfall sérfræðipjónustu er 7,7% (landið 9,9%). Hlutfallslega eru ekki mörg leikskólabörn í Krikaskóla í dag sem þurfa á sérfræðiaðstoð að halda í sínu daglega lífi.

Aukaspurning fylgdi könnuninni sem mældi ánægju með COVID viðbrögð skólans. Niðurstaðan bendir til mikillar ánægju 98,5% (landið 95,4%) sem er gleðilegt.

Foreldrakönnun grunnskóla febrúar 2022 – svarhlutfall var 82,6%

1. Nám og kennsla – Ánægja var meðal foreldra með nám og kennslu í skólanum 5,8 með marktækum mun (landið 5,4). 90,5% (landið 91,5%) foreldra voru ánægðir með stjórnun skólans, 85,2% (landið 86,4%) töldu nám hæfilega þungt og 88,1% (landið 77,6%) töldu aga hæfilegan í skólanum. Breyting varð á ánægju foreldra milli ára á stjórnun skólans og munum við taka það til skoðunar.

2. Velferð nemenda – Almenn ánægja var með samskipti nemenda við starfsfólk skólans og líðan þeirra. Varðandi eineltismálin var skólinn yfir landsmeðaltali og ánægja foreldra með viðbrögð í skólanum gegn einelti hefur breyst mikið frá síðustu könnun. Þar kemur m.a. til markviss vinna í skólanum og áhersla á nýja nálgun sem við eigum eftir að kynna betur fyrir foreldrum. Það stefnum við á að klára í vor. Líðan nemenda í kennslustundum, útiveru og því hversu vel skólinn sinnir þörfum nemenda kemur vel út samkvæmt mati foreldra.

3. Aðstaða og þjónusta – Frístundaþjónusta fékk háa einkunn hjá foreldrum og 100% (landið 92,5%) þátttaka er í mötuneyti. 89,8% (landið 75,8%) foreldra er ánægt með máltíðir í skólanum. Hlutfall nemenda í frístundaþjónustu er 87,3% (landið 58,1%). Þar er marktækur munur á því hversu margir nota frístundina hjá okkur miðað við aðra skóla sem þátt taka í Skólapúlси.

4. Foreldrasamstarf – Almenn ánægja var með foreldrasamstarf og 98,3% (landið 95,4%) voru ánægð með síðasta foreldraviðtal. 84,5% (landið 81,1%) voru ánægð með heimasíðu skólans. Foreldrar töldu sig ekki hafa sömu áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur eins og áður 56% (landið 59,7%) og að ekki leitað væri eftir tillögum foreldra og ábendingar þeirra teknar til greina 50% (landið 69,3%). Hér kemur fram mikill munur frá síðasta ári. Foreldrar telja að dregið hafi úr áhrifum þeirra og að tekið sé tillit til ábendinga þeirra. Þetta þarf að skoða betur og nálgast í samvinnu við foreldra.


5. Heimastuðningur – Foreldrar hafa dregið úr virkni sinni í námi barna sinna 4,9 (landið 5,0) og er það breyting frá fyrra ári. Foreldrar hafa einnig dregið úr þeim tíma sem þeir aðstoða við heimanám 62,1% (landið 57,2%) miðað við síðasta ár. 81,0% (landið 76,1%) telja heimavinnu hæfilega. Væntingar foreldra barnanna til háskólanáms eru miklar 79,1% (landið 70,8%) en færri hafa væntingar um iðnnám 14% (landið 17,4%).

Íslenska æskulýðsrannsóknin – svarhlutfall var 17 af 19 nemendur í 4. bekk

Niðurstaða samkvæmt svörum barnanna í 4. bekk Krikaskóla borið saman við landstölur gefur okkur ágæta mynd af stöðu mála. Mikilvægt er að rýna vel í þær niðurstöður sem liggja fyrir en svör bárust okkur mjög seint vorið 2022.

Lykiltölur 4. bekkjar

LYKILTÖLUR



Skoða nánar:

Líkar vel í skólanum Stressandi að klára heimanám Preytt í skólanum
 Treysta kennurum Bekkurinn skemmtilegur Finnst skólamatur góður

Úrvinnsla

Fundað var um kannanirnar Skólapúlsins þegar þær bárust – báðar voru skoðaðar með öllum starfsmönnum á starfsmannafundum. Síðan var fundað sérstaklega með þeim sem málið varðaði og kafað dýpra í einstaka þætti. Teymin sem vinna í viðkomandi aldurshópi setja sér markmið fyrir næsta skólaár til að halda í góðan árangur og bæta þar sem þörf er á. Markmiðin munu koma fram í starfsáætlun næsta skólaárs - en ýmislegt er tekið fyrir strax og sett í forgang. Það tekur gjarnan stuttan tíma að bregðast við nýjum upplýsingum og vinna hratt í samhentum starfshópi Krikaskóla.

Kannanir Skólalúpsins voru kynntar í Skólaráði Krikaskóla og farið yfir helstu niðurstöður með sitjandi fulltrúum.

Skólastjóri tók saman bréf til foreldra með þökkum fyrir þátttöku og falleg orð til skólans ásamt helstu niðurstöðum.

Við höfum farið yfir Íslensku æskulýðsrannsóknina á kennarafundi í skólanum. Að sama skapi hafa niðurstöður verið rýndar sérstaklega með kennurum 4. bekkjar. Niðurstöður eru mjög áhugaverðar, börnin eiga gott samfélag í skólanum með sínum kennurum. Þau eru að sama skapi að segja okkur frá mikilli þreytu og álagi við heimanámið. Heimanámið þeirra er lestur í 15 mín. daglega og eitt verkefni vikulega, ýmist tengt íslensku eða stærðfræði sem tekur að hámarki klukkustund yfir vikuna. Hægt að hefja verkefnið, geyma og koma að því aftur. Verkefnið hefur verið unnið í Seesaw á þessu skólaári sem tilraun til að auðvelda foreldrum yfirsýn á námi barna sinna.

Áhersluatriðin sem við setjum inn í Starfsáætlun 2022-2023 eru:

1. Upplýsingagjöf til foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu þarf nánari skoðunar við. Samskipti við foreldra hafa færst nokkuð í rafrænt form og mun það væntanlega þróast áfram. Aðkoma foreldra inn í skólann var mjög skert á liðnu skólaári og mikilvægt að taka umræðu í skólasamfélaginu um eðlilega aðkomu foreldra að skólastarfinu og annarri starfsemi skólans. Hvatning þarf að koma frá skólanum um virka þátttöku foreldra.
2. Ný heimasíða er í hönnunarferli og verður hún sett af stað á skólaárinu. Hún muni þjóna upplýsingagjöf og samskiptum með markvissari hætti.
3. Samstarf og samvinnuverkefni innan og utan skólans þarf að efla. Mikilvægi þess að sjá tækifærin og endurlífga það samstarf sem þurfti að leggja af vegna Covid. Þar eru samstarfsverkefni milli skólastiga og frístundar, þvert á skólann eða hluta hans.
4. Fræðsluerindi fyrir foreldrar og kynning á ýmsum þáttum þess. Forvarnaráætlun vegna samskipta og endurgerð Lestrarstefna eru dæmi um verkefni sem eftir á að kynna foreldrum og ræða. Að sama skapi má kynna Skólanámskrá og hugmyndafræði Jákvæðs aga fyrir foreldrum á skólaárinu.
5. Endurskoða þarf hlutverk og markmið nemendaverndarráðs í Krikaskóla – frá því sem verið hefur.
6. Að sama skapi þarf að vinna að ferlum fyrir Forvarnarteymi gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni eftir því sem því verkefni vindur í grunnskólahluta skólans. Fræðsluerindi fyrir bæði skólastigin eiga að bætast við skv. aðgerðaráætlun stjórnvalda.
7. Styttling vinnuvikunnar heldur áfram sem viðfangsefni fyrir allt starfsfólk . Við upphaf skólaársins erum við komin með 100% starfshlutfall í 37 klst. vinnuviku hjá öllum öðrum en grunnskólakennurum. Mat verður lagt á hvort við náum vinnuvikunni í 36 klst. eins og er markmið kjarasamninganna. Enn sem komið er hefur það markmið ekki náðst. Grunnskólakennarar sömdu um betri vinnutíma og tók það gildi á þessu skólaári. Þar eru um lágmarksstyttlingu að ræða eða 65 mínútur á viku. Unnið hefur verið út frá þeirri meginreglu að styttling sé tekin út vikulega en henni ekki safnað upp.
8. Miklar breytingar hafa orðið á undirbúningstíma leikskólakennara og áfram þarf að vinna að því að skýra hvernig þeim verður náð með góðu móti. Nást þarf samkomulag um það hvað er tekið í viku hverri og hverju er safnað saman og tekið í heilum dögum s.s. í tengslum við foreldraviðtöl, upphaf og lok skólaársins eða tengt sérstökum verkefnum skólaársins.
9. Menntastefna Mosfellsbæjar sem kom út vorið 2022 þarf að festa í sessi og marka spor í Krikaskóla. Það er innleiðingarverkefni sem mun flæða í allt skólastarfið á þessu skólaári og því næsta. Þar þarf að fjalla um leikskóla, grunnskóla og frístundastarfið.
10. Mötuneyti skóla standa nú frammi fyrir fjölbreyttum áskorunum. Grænkera fæði er í boði í skólanum til hliðar við hefðbundinn matseðil. Fjölgun hefur orðið á börnum sem þurfa

sérúrræði og því er mikilvægt að endurskoða stefnu Mosfellsbæjar um skólamötuneyti, þekkingu, aðstöðu og grundvöll þjónustunnar þarf að ræða og marka með því stefnu til framtíðar.

11. Sett verður áhersla á jákvæðan aga í skólastarfinu skólaárið 2022-2023. Samræmd verða markmið fyrir skólann í heild sinni þannig að allir verði að vinna í átt að sama takmarkinu. Ein af afleiðingum lokana milli hópa vegna Covid-19 er að hver aldurshópur hefur þróað starfið sitt óháð öðrum. Mikilvægt er því að yfirfara og samræma áherslur í skólanum í heild sinni. Lögð verður áhersla á barnafundi/bekkjafundi, skapa tækifæri til einveru, nota lausnahjólíð markvisst, skipa börnunum hlutverk og fleira sem starfshópurinn sammælist um. Þetta verkefni hófst á liðnu skólaári og mun halda áfram.
12. Þróunarverkefni verður sett af stað sem Ágústa Óladóttir fyrir hönd skólans fékk styrk úr Klörusjóði til að sinna. Verkefnið ber heitið UM HVERFIÐ og verður útfært með ólíkum aldurshópum yfir skólaárið.
13. Áfram verður unnið að þróun á rafrænum leiðum í kennslu með snjalltækjum. Seesaw hefur verið mikið notað í skólanum á síðustu tveimur skólaárum en hefur verið sett til hliðar. Við óskum öll eftir því að fundin verði farsæl lausn á þeim málum. Öll sameignarsvæði skólans og vinnusvæði kennara færðust í Google-umhverfi og varð það til að auðvelda samstarf. Aðgengi að gögnum færðist þannig af föstum hörðum diskum og í skýjalausn og með því eiga kennarar auðveldara með að sinna hluta af sínu starfi óháð staðsetningu.
14. Innra mat leikskóla er þróunarverkefni sem unnið er að í öllum leikskólum Mosfellsbæjar undir handleiðslu dr. Önnu Magneu Hreinsdóttur í samstarfið við RannUng, Garðabæ og Hafnarfjörð. Þar verður mörkuð áætlun um innra mat leikskóla, stofnuð matsteymi, matsviðmið og aðferðir ákveðnar.

2. Starfsmannakönnun Mosfellsbæjar - stjórnendamat

Mosfellsbær hefur staðið fyrir starfsmannakönnun meðal starfsfólks síðustu ár og innan hennar nokkrar spurningar sem nýttar hafa verið sem stjórnendamat.

Niðurstöður starfsmannakönnunar vorið 2022

Svarhlutfall var 90,4% hjá Krikaskóla. Helstu niðurstöður eru mjög góðar.

91,7% starfsmanna eru mjög eða fremur ánægð í sínu starfi. 100% telja sig vinna vel eða fremur vel að vinna eftir gildunum jákvæðni, virðing, umhyggja og framsækni. 94,4% telja sig fá fullnægjandi upplýsingar til að sinna starfi sínu. Almenn notkun er á Workplace sem upplýsingaveitu í Krikaskóla.

94,4% telur starfsanda mjög góðan eða fremur góðan. 72% hefur fengið hrós á síðustu vikum og þau eru helst að koma frá samstarfsmönnum, yfirmönnum og foreldrum. 86,1% gengur vel að forgangsraða verkefnum og 83,3% segist ráða mjög vel eða fremur vel við álag í starfi sínu. Mikill meirihluti starfsfólks telur sig hafa gagn af starfsmannasamtölum. Nokkuð stór hópur telur sig ekki hafa leitast við að læra og þróast í starfi með námskeiðum eða endurmenntun. Er það áframhald frá liðnu skólaári en þá vorum við einnig að takast á við heimsfaraldur.

97,2% telja að öll kyn hafi jöfn tækifæri í Krikaskóla en 2% telja að karlar hafi fleiri tækifæri. 97,2% er mjög eða frekar ánægður með hvernig vinnustaðurinn hefur tekið á Covid-19.

Eineltis- og áreitni spurningar könnunarinnar koma misjafnlega út milli ára og þar eru sveiflur sem erfitt getur verið að festa hönd á. 97,2% sögðust aldrei hafa orðið fyrir einelti en 2,8% stundum en eftirfylgnispurningum var ekki svarað. 97,2% töldu sig aldrei hafa orðið fyrir áreitni en 2,8% sjaldan. Eftirfylgnispurningum var ekki svarað. Varðandi úrvinnslu mála er erfitt að vinna að málum sem ekki

eru tilkynnt eða upplýst nema með þessum hætti. Spurt var hvort starfsfólk þekkti til rétttra leiða við tilkynningar eineltis-og áreitnimála og 80,6% töldu sig þekkja þær vel.

Niðurstöður voru teknar til umræðu í starfshópnum og mannauðsstjóri Mosfellsbæjar fór yfir þær með okkur. Starfshópurinn í Krikaskóla gladdist yfir því að eftir gríðarlega erfið og flókin ár í skólanum sé staðan með þessum hætti. Að sama skapi þarf enn og aftur að minna fólk á ábyrgð sína þegar kemur að því að setja mál í réttan farveg þannig að hægt sé að vinna með mál þeirra sem ekki líður vel af einhverjum orsökum.

Stjórnendamat haustið 2022

Skólastjóri fékk einn stjórnendamat að þessu sinni. Það mat byggði á svörum 36 starfsmanna skólans og kom vel út.


Einn þátt mun skólastjóri taka til endurskoðunar að þessu sinni en það er gefa hverjum og einum betur til kynna hvernig viðkomandi stendur sig í starfi. Ljóst er að starfsfólk kallar eftir meiri endurgjöf á störf sín en færri hefur verið á að veita. Leita þarf leiða til að mæta þeirri þörf.

3. Námsmat – samræmd próf - lesfimi - Hljóm-2 athugun

Niðurstöður samræmdra prófa í Krikaskóla 2021:

Samræmt próf var ekki haldið í skólum landsins þetta skólaár. Settur hefur verið vinnuhópur með aðkomu fjölmargra aðila til að endurskoða fyrirkomulagið fyrir landið í heild. Skólastjóri hefur lagt sig fram um að taka þátt í þeim fundum sem boðað hefur verið til um málefnið af skólayfirvöldum.


Lesfimi maí 2022:



1. bekkur – 33,3% yfir viðmiði 3, 28,57% milli viðmiða 2 og 3, 33,3% milli viðmiða 1 og 2, 4,76% undir viðmiði 1
2. bekkur – 30% yfir viðmiði 3, 10% milli viðmiða 2 og 3, 33,33% milli viðmiða 1 og 2, 26,67% undir viðmiði 1
3. bekkur – 27,27% yfir viðmiði 3, 18,18% milli viðmiða 2 og 3, 31,82% milli viðmiða 1 og 2, 22,73% undir viðmiði 1
4. bekkur – 26,32% yfir viðmiði 3, 15,79% milli viðmiða 2 og 3, 52,63% milli viðmiða 1 og 2, 5,26% undir viðmiði 1

Í 4. bekk fóru 7 börn af 19 í Logos hjá lestrarfræðingi - 4 fengu lesblindugreiningu – 3 aðra sértæka örðugleika.

Viðmið MMS (að vori) – 25% yfir viðmiði 3, 25% milli viðmiða 2 og 3, 40% milli viðmiða 1 og 2, 10% undir viðmiði 1



Hljóm-2 niðurstöður Krikaskóla 2021-2022:

ala	Rím	Samstöfur	Samsett orð	Hljóðgreining	Margrað orð	Orðhlutaeyðing	Hljóðtenging	Samtala 1	Samtala 2	Aldursþrep	Athugasemd
	7	7	10	0	6	3	0	33		1	
	5	8	2	0	3	3	0	21		3	
	12	8	10	6	8	7	3	54		3	Mjög slök færni
	12	8	9	9	6	9	1	54		3	Slök færni
	10	8	10	3	3	2	2	38		3	Meðalfærni
	12	7	10	15	7	10	5	66		2	Góð færni
	7	7	10	0	7	5	2	38		1	
	12	7	10	0	8	9	5	51		1	
	7	8	10	0	6	4	3	38		3	
	12	8	10	0	5	10	7	52		1	
	3	8	9	3	8	3	6	40		1	
	12	8	10	9	6	7	4	56		3	
	12	8	10	15	6	2	8	61		2	
	12	8	10	15	8	10	8	71		3	
	12	7	10	6	5	10	4	54		1	
	12	8	10	6	8	9	4	57		2	
	7	7	9	6	3	0	1	33		1	
	10	8	10	0	1	7	3	39		2	
	12	7	10	9	7	1	2	48		2	
	12	4	10	12	8	10	7	63		3	
	12	8	9	0	0	5	3	37		2	
	7	7	10	9	7	1	2	43		3	
	12	8	10	12	6	10	3	61		3	
	12	8	10	15	7	10	8	70		2	

Árgangur 2016 tók Hljóm-2 athugunina að þessu sinni. 24 börn tóku þátt eða allur árgangurinn. Tvö börn luku ekki við athugunina eða 8% barnanna. Góða færni sýndu 10 börn eða 42% og meðalfærni 13 börn eða 54% barnanna. 4% barnanna þurfa aukinn áframhaldandi stuðning.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á hverju skólaári að lágmarki fyrir foreldra allra barna í skólanum. Fyrri viðtölin eru í október og nóvember. Þar er lögð sérstök áhersla á líðan barnanna og eldri börnin sitja með foreldrum sínum í viðtölunum. Vegna samgöngutakmarkana voru viðtölin tekin í gegnum fjárfundabúnað við alla foreldra að hausti. Gekk sú ráðstöfun vel en börnin gátu ekki tekið þátt að þessu sinni. Í samantekt foreldraviðtala haustanna með kennurum, deildarstjórum, verkefnastjóra grunnskóla og skólastjóra kom fram almenn ánægja foreldra með skólastarfið. Ábendingar foreldra til kennara og starfsmanna skólans voru vel þagnar og nýttar beint inn í skólastarfið. Umræða skapaðist einnig um samskipti barnanna sín á milli og þann stuðning sem foreldrar geta veitt með samskiptum sín á milli.

Á vorönn 2021 var foreldrum boðið að velja um rafrænar leiðir eða koma á staðinn. Hópurinn skiptist til helminga í vali sínu og eins voru þó nokkur viðtöl þar sem annar kom á staðinn og hinn var í rafrænum samskiptum. Þátttaka foreldra var því vel tryggð og fleiri sem höfðu tækifæri til að nýta sér samtalið. Áherslan í viðtalinu var á nám og þroska barnanna. Kennarar hittu foreldra án barna í öllum árgöngum grunnskólans og fóru yfir námslega stöðu. Farið var yfir öll foreldraviðtöl með umsjónarkennurum, þroskaþjálfum, verkefnastjóra frístundar og skólastjórnendum.

Almenn ánægja foreldra er efst á blaði. Árangur barnanna góður og margir sigrar unnir. Góð mæting var í foreldraviðtölin og þátttaka í flestum árgöngum 100%. Það er ljóst að rafræn foreldraviðtöl eru

komin til að vera í einhverri mynd. Ljóst er að fleiri foreldrum gefst kostur á að nýta sér tækifærið og í mjög mörgum tilfellum gátu báðir foreldrar tekið þátt.

Verkefnastjóri frístundar bauð upp á foreldraviðtöl fyrir þá foreldra sem vildu. Þátttaka hefði mátt vera betri en hún var meiri á vorönn en haustönninni. Þar með opnaðist beinn vettvangur varðandi útiveru og frístundastarfið almennt. Mikil ánægja var með þessa viðbót og við fundum að það létti á því að foreldraviðtöl umsjónarkennara snérust um málefni frístundar.

Foreldraviðtöl við foreldra leikskólabarna voru með valkvæðum hætti einnig og tókust þau almennt mjög vel. Mikil þátttaka var en foreldrar skiptust nokkuð í vali sínu ýmist með rafrænum hætti eða komu í skólann. Ljóst var að almenn ánægja er með leikskólastarfið og þau viðbrögð sem skólinn hefur unnið í ljósi faraldursins. Aðgengi foreldra var mjög lítið hluta úr skólaárinu og það gerði sérstaklega nýjum foreldrum í skólanum erfitt fyrir. Samgangur og samskipti milli foreldra leikskólabarna og starfsmanna skólans eru gríðarlega mikilvæg sérstaklega þegar komið er að yngstu börnunum.

4. Haustfundur og kynning á skólastarfi

Haustkynningar sem áætlaðar höfðu verið 26. ágúst færðust allar í fjarfundi. Deildarstjórar og umsjónarkennarar sendu foreldrum nýjar tímasetningar og færði grunnskólinn alla sína fræðslu og upplýsingagjöf í rafrænan búning. Mismikil þátttaka var í árgöngum alveg frá því að vera 100% þátttaka í nokkra einstaklinga. Haustkynningar leikskólans voru svo á staðnum en ekki fyrr en í byrjun október þegar færi var að bjóða foreldrum að koma í skólann. Hver árgangur fann sína leið og tímasetningu.

Farið var yfir skipulag, stundaskrár, námsmarkmið og leiðir.

Skólastjóri sendi einnig bréf til foreldra þar sem farið var stuttlega yfir áætlanir skólaársins. Reglulega voru send út bréf frá skólastjóra skólaárið 2021-2022 þar sem farið var yfir fréttir úr skólanum. Mjög mikilvægt var að gera tilraun til að halda foreldrum vel upplýstum þar sem aðgengi þeirra að skólanum var áfram takmarkað á löngum tímabilum vegna Covid-19 ráðstafana.

Skólaþjónusta Mosfellsbæjar tók einnig saman upplýsingabréf og fræðslu fyrir foreldra sem sent var út frá skólanum. Þar voru kynntar þær leiðir sem foreldrar geta farið til að koma á tengslum og fá ráðgjöf og stuðning fyrir börnin sín.

Elín Þórunn Stefánsdóttir skólahjúkrunarfræðingur kynnti sína aðkomu að börnum í Krikaskóla einnig bréfléiðis til foreldra en hún sinnir bæði leik- og grunnskólabörnum. Samstarfsverkefni sem Krikaskóli hefur átt við Heilsugæsluna í Mosfellsbæ heldur áfram og foreldrar geta pantað tíma hjá Elínu fyrir börnin á leikskólaaldri í tengslum við ung- og smábarnvernd í skólanum.

Frístundastarfið var kynnt sérstaklega fyrir foreldrum barna í 1. bekk og Eva Rut Helgadóttir verkefnastjóri frístundar kynnti fyrirkomulag og áætlanir vetrar.

5. Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl skólaárið 2020-2021 fóru fram með nýju sniði en nýtt var svokallað snerpusamtal. Skólastjóri fékk að nota skipulag frá Brekkubæjarskóla til að prufukeyra í Krikaskóla fyrir skólaárið 2020-2021. Samtölin voru aðlöguð að Krikaskóla og þeirri starfsemi sem þar fer fram á skólaárinu 2021-2022.

Hver starfsmaður er boðaður til viðtalsins með tölvupósti sem og skilaboðum á Workplace. Þau ættu því ekki að fara fram hjá neinum. Skipulagið riðlaðist samt verulega vegna heimsfaraldurs og forfalla

sem þeim fylgdu. Allir fengu þó að lágmarki tvö samtöl og þó nokkrir mun fleiri en þrjú samtöl á þessu skólaári.

Fyrsta samtöl (15-20 mín) sem fram átti að fara í ágúst/september var ekki hægt að hefja fyrr en í september og stóðu þau fram í miðjan október. Þar var fjallað um persónulega þróun og framtíðarsýn. Umræðan snerist um skólaárið framundan og þær áherslur sem hver og einn hygðist leggja.

Annar áfangi (15-20 mín) sem áætlaður var í desember frestaðist sömu leiðis fram í febrúar og stóð yfir fram í mars. Þar var rætt um árangur og líðan ásamt stjórnun og liðsheild. Starfsfólk ræddi þörf fyrir breytingar eða aðlögun að einhverju tagi.

Þriðji og síðasti áfangi (20-30 mín) sem fara átti fram í apríl/maí náðist ekki. Skólastjóri brá á það ráð að ræða málin í hópum á kennara og starfsmannafundum. Farið var yfir skólaárið og hvernig upplifun starfsfólks var af skólaárinu. Lögð voru nokkur drög að næsta skólaári með þessum hópum út frá framtíðaráformum og markmiðum. Deildarstjórar og umsjónarkennarar skiluðu inn mati síns teymis á nokkrum þáttum í endurmati skólaársins.

Áfangi 1

Persónuleg þróun og framtíðarsýn

Áherslur á: Styrkleika, eðli verkefna, þörf fyrir þjálfun/símenntun, persónuleg markmið fyrir komandi mánuði

Áfangi 2

Árangur og líðan – Stjórnun og liðsheild

Áherslur á: Þörf fyrir breytingar, hvernig getum við gert betur ? (stofnun, teymi, stjórnandi, starfsmaður).

Áfangi 3

Starfshættir, samskipti, samvinna og starfsandi

Áherslur á: Stjórnun, samskipti, samvinnu og starfsanda. Frammistöðu, horfa fram á veginn, starfsánægju, helgun og hvatningu.

Almenn ánægja var með breytt fyrirkomulag starfsmannasamtala þetta skólaár. Skólastjóri sem tók öll samtölin yfir skólaárið. Þetta er umfangsmikið en skemmtilegt verkefni.

Við munum halda áfram að þróa þetta fyrirkomulag með þessum hætti. Við höldum í vonina að fá eðlilegt skólaár 2022-23 sem getur þá varpað ljósi á hvort mögulegt er að ná þremur áföngum eða hvort einfalda þarf enn frekar og áætla tvö samtöl.

6. Sjálfsmat teyma

Hvert teymi sem starfar innan skólans vinnur mat á starfi vetrar og fara yfir það með verkefnastjóra grunnskóla, aðstoðarskólastjóra og/eða skólastjóra. Vegna samkomutakmarkana óskaði skólastjóri eftir að hvert teymi tæki saman í nokkrum línur mat sitt á skólastarfinu hjá viðkomandi aldurshópi og skilaði inn skriflega.

Þetta mat var síðan dregið saman í SVÓT - greiningu fyrir hvort skólastigið fyrir sig og áætlað var að funda með viðkomandi deildarstjórum og umsjónarkennurum. Eins var óskað eftir mati frá þeim sem stýra ákveðnum verkefnum innan skólans s.s. eldhúsi, sérkennslumálum og útikennslu. Ekki náðist í lok skólaársins vegna annarra brýnna verkefna að ljúka þessum fundum.

Leikskóli:

Styrkleikar samkvæmt matinu liggja í starfshópnum með sama hætti og á síðasta skólaári. Mjög litlar breytingar hafa orðið á undanfarandi árum í starfshópnum og fólk þekkist orðið mjög vel.

Samgangur á milli skólastiga var skertur á löngum tímabilum og því náðu samstarfsverkefni ekki að blómstra eins og venja er.

Miklar áskoranir fylgdu því að missa svæði í skólahúsnæðinu vegna framkvæmda. Sérstaklega saknaði starfsfólk leikskóla hreyfirýmisins fyrir áramótin.

Veikleikar voru að ákveðna starfsmenn vantaði í hópinn vegna Covid-19 og því féllu niður ákveðin verkefni eins og útikennsla á löngum tímabilum eins og síðasta skólaár.

Samskipti við foreldra voru minni og saknaði starfsfólk þess. Að sama skapi voru færri fundir og skipulagið þurfti áfram að taka mið af sóttvörnum. Minna varð því úr faglegu samtali milli faghópana innan skólans.

Ekki náðist að ljúka gerð árganganámskrár fyrir leikskólastigið. Mikilvægt er að þeirri vinnu ljúki haustið 2022 þannig að nýjar upplýsingar og samantekt fari á nýja heimasíðu.

Ógnanir eru þær að of mörg börn séu á sama stað á sama tíma í aðstæðum sem erfitt er að ráð við. Stytting vinnuviku starfsfólks getur orðið til þess að ógna innra starfi skólans. Tími kennara með börnum er að minnka, bæði með fjölgun undirbúningstíma og styttingu vinnuvikunnar. Þegar faghópurinn er stór og sterkur geta komið fram línur sem skerpa muninn milli fagmenntaðra og ófagmenntaðra. Mikilvægt er að fylgjast vel með slíkri þróun í skólanum og gæta vel að neikvæðri stéttaskiptingu. Stytting vinnuvikunnar/betri vinnutími hefur gríðarleg áhrif á samstarf innan skólans og þann tíma sem hægt er að nota til funda. Því þarf að endurskoða fundaskipulagið þannig að markmið náist með þeim fundum sem haldnir eru.

Tækifæri í starfinu eru fjölmörg og mikilvægt að þau séu nýtt og skoðuð. Við getum áfram endurskipulagt starfsemi í matsalnum og fundið leiðir til að gera þær stundir notalegar fyrir alla. Þróun í tæknimálum og tækniframfarir þarf að nýta áfram s.s. í samskiptum við foreldra. Efla þarf

samstarfsverkefni innan skólans og koma samstarfsfundum aftur í gang. Endurskoða þarf útisvæðið og þann leik og tækifæri sem við erum að bjóða upp á þar.

Grunnskóli:

Styrkleikar eru taldir liggja í teyminum í skólastarfinu. Mikil þverfagleg samvinna milli fólks með ólíka menntun og bakgrunn sem gerir alla hæfari í sínu starfi. Innleiðing á nýjum tæknilausnum bæði í samskiptum og námi barnanna hefur mikil áhrif og hefur skilað okkur markvissara starfi. Fjölgun skjáa hefur einnig haft mikil áhrif en við völdum að setja upp sjónvörp í stað skjávarpa sem kláruðu sinn líftíma.

Unnið var að ýmsum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum sem efldu skólastarfið. Elena leiddi Jarðarstundir, þróunarverkefni sem styrkt var af Klörusjóði, á þessu skólaári sem eflði skólastarfið með nýsköpun og frjóum verkefnum.

Fjölbreytni í samskiptum við foreldra hefur einnig aukist með tilkomu rafrænna lausna sem skapa skemmtilega vídd og bjóða upp á fjölbreyttari valkosti.

Ekki náðist að klára kynningar- og umræðufundi um forvarnaráætlun gegn einelti með foreldrum. Ljúka þarf þeirri vinnu haustið 2022.

Ógnanir taldi starfshópurinn vera helst í litlum árgöngum. Börn sem sækja skólann geti átt illa saman og fákeppni geti verið í vinatengslum. Mikilvægt sé að horfa til þess og vinna með slíka þætti sem geta komið fram í ákveðnum árgöngum innan skólans. Að sama skapi geti komið upp að teymi kennara nái illa saman og það þurfi með öllum ráðum að vinna gegn skaðlegum áhrifum af slíku. Fjöldatakmarkanir komu því einnig til leiðar og unnið var í „pörum“ frekar en „teymum í skólanum“ og því þurfum við að taka markviss skref í átt að betri teymisvinnu aftur.

Tækifæri taldi hópurinn vera fjölmörg. Sérstaklega mikilvægt sé að koma samvinnu og samstarfsverkefnum aftur af stað. Efla áfram tæknimennt og skoða vel áhrif á nám barnanna. Óvissa er um framtíð Seesaw nú í lok skólaárs og að sama skapi eru blikur á lofti varðandi Google Classroom. Mjög mikilvægt er að þau mál séu kláruð af þeim sem móta það umhverfi sem við störfum innan.

Smiðjufyrirkomulagið sem sett var upp fyrir skólaárið hefur reynst mjög vel. Það hefur gefið nýtt blóð í list- og verkgreinavinnuna til hagsbóta fyrir námsgleði og ánægju í skólanum.

Frístund:

Endurmat það sem fara átti fram haustið 2021 í samvinnu og samstarfi við önnur frístundaheimili í Mosfellsbæ frestaðist vegna heimsfaraldurs. Gæðaviðmið og staðlar fyrir Mosfellsbæ liggja því ekki fyrir en stefnt er að áframhaldandi vinnu þegar um hægist.

Frístundin varð mikið fyrir Covid þrengingum á þessu skólastarfi. Lengi þurfti að skipta frístundastarfinu í tvo hópa samkvæmt reglugerð. Það hafði í för með sér að börnin voru mun lengur daglega á sama svæðinu, bæði í námi og leik. Í heild sinni gekk það vel en minni möguleikar voru á fjölbreyttu starfi.

Teymi skrifstofu: Fór í gegn um nokkur tímabil á þessu skólaári. Minna var um langtímaveikindi en nokkur breyting hefur orðið á verkefnum skrifstofu. Styttling vinnuvikunnar og skipulag tengt starfsfólki hefur snaraukist. Mikil forföll þurfti að leysa sem á stundum var örðugt að koma við. Kröfur starfsfólks um skjóta útlausn mála er einnig eitthvað sem mikilvægt er að ræða sérstaklega á næsta skólaári.

Teymi eldhús: Margt verið flókið á þessu skólaári m.a. vegna Covid takmarkana að mati hópsins. Við þurfum að breyta tímasetningum og staðsetningum á máltíðum. Mun fleiri afgreiðslur voru því á hverjum degi frá eldhúsi. Aðgengi var takmarkað og vörumóttaka tók mið af Covid takmörkunum. Að sama skapi var greinilegt að aðföng gátu orðið flókin þar sem vörur fengust ekki ætíð.

Fyrir skólaárið var búið að taka þá ákvörðun að stokka aðeins upp og færa „léttu“ máltíð vikunnar frá miðvikdegi til föstudags. Almenn ánægja er með þá ráðstöfun og við munum því halda henni áfram. Fyrirkomulagi varðandi matsal verður breytt og áfram afgreitt í þremur hollum í hádegi. Að sama skapi verður aðeins breyting á tímasetningum og framsetningu morgunverðar – þar sem við færum okkur í meira flæði og rýmkum tíma.

Breyting varð einnig á tilboðum til foreldra með boði á grænkera fæði fyrir börnin. Það jók á flækjustigið í matseld. Nú þegar er komið til móts við mjög fjölbreyttar þarfir vegna ofnæmis eða óþols barna varðandi ákveðin matvæli. Börnum sem þurfa sérstaka tillitsemi varðandi mat fjölgar á hverju ári. Mest er um óþol en minna um staðfest ofnæmi fyrir ákveðnum fæðutegundum. Við höfum einnig komið til móts við óskir foreldra tímabundið meðan verið er að halda börnum frá ákveðnum matartegundum vegna gruns um óþol eða ofnæmi.

Í lok skólaársins voru settar fram verklagsreglur innan skólans þegar fram koma óskir foreldra um aðlögun máltíða fyrir barn/börn sín. Nú fara allar slíkar óskir í gegnum skólastjórnendur. Eins verður kannað á hverju hausti hvernig staða mála er hjá hverju og einu barni sem skilað var inn vottorði fyrir skólaárið áður. Mjög mikill auka kostnaður og vinna fylgir hverri slíkri ósk, en í sama barnahópi geta verið börn með ofnæmi og óþol sem alls ekki fara saman. Gæta þarf að krosssmíti og fleiri þáttum sem getur verið gríðarlega flókið bæði í innkaupum og framkvæmd.

Áfram verður fiskmáltíð á mánudögum og miðvikudögum. Kjötmáltíð á þriðjudögum og fimmtudögum. Föstudagarnir verða þá með léttu máltíð, súpur og/eða grænkera fæði.

Í framhaldi af þessu mati teyma hvers árgangs fyrir sig voru teknar eftirfarandi ákvarðanir við skipulagningu skólstarfsins 2022-2023.

- Mikil ánægja er með tveggja deildarstjóra kerfið í leikskólanum og allir deildarstjórar vilja halda í það. Það verður því þróað áfram. Faglegt starf í leikskólanum hafi fengið aukið vægi og önnur dagleg verkefni séu einnig í góðum höndum.
- Ákveðið að gera eins litlar breytingar á teymum og mögulegt er. Mikilvægt er að halda í festu á næsta skólaári sérstaklega þar sem mikið rót var bæði skólaárin 2019-2020, 2020-2021 og 2021-2022. Að sama skapi voru verkefni óvenjuleg svo ekki sé meira sagt. Því hugsamur við okkur að flestir fylgi sínum hópi eða taki við nýjum aldurshópi eins og venjulega. Mikilvægi teymiskennslunnar verður dregið enn skýrar fram og slegið á þá þróun sem hefur orðið á „parakennslu“ sem skapaðist vegna sóttvarna.
- Haldið verður áfram að þróa starf með 5 og 6 ára börnunum. Vægi leiksins verður aukið enn frekar og áherslan á samfellu í námi og leik. Við munum færa áherslur frá list- og verkgreinasmiðjum og inn í almennt nám þeirra. Þannig náum við betur að færa áherslur í þemanámi og leik til samræmingar fyrir báða aldurshópa.
- Aukin áhersla verður sett í fjölbreyttar kennsluáferðir og leiðir hjá öllum árgöngum. Áfram verður unnið með tæknimennt og þær áherslur sem lagðar voru með Seesaw á þessu skólaári endurskoðaðar í ljósi nýrrar stöðu. Erfitt er að sjá hvernig þróunin mun verða en við viljum áfram leggja áherslu á tæknimennt.
- Smiðjum sem breytt var á síðasta skólaári verður haldið enda hafa þær gefist vel. Þróun þeirra hefur gefið nýja vídd í list- og verkgreinakennsluna. Hönnunarsmiðju (smíði, textíll),

listasmiðju (myndlist, kvikmyndagerð og fl.), lífstíll og heilsa (heimilisfræði, hreyfing, útvíst, snjalltækjanotkun), leikur (kubbar, útvíst, tæknimál) og sköpun og hreyfing (tónlist, leiklist, dans og fl.). Allar smiðjur yrðu eftir hádegi frá kl. 12:30-14:00 frá mánudegi til fimmtudags.

- Breytingar verða gerðar á matsal og skiptingu árganga í hádegisverði. Að sama skapi er áætlað að gera breytingar á morgunverði til að koma í veg fyrir mikinn fjölda á sama stað á sama tíma. Á skólaþingi komu einnig fram óskir frá grunnskólabörnunum um rýmri tíma til að borða. Það verður skoðað og hvort einhverjir hópar fái ekki nægilegt rými til að klára.
- Frístundin mun bjóða upp á foreldraviðtöl næsta skólaár sem tekin verða á undan viðtölum grunnskólakennara. Þannig geta þau fengið milliliðalaust til sín málefni sem lúta að samskiptum barnanna sem snúa að útiveru, matsal og öðrum frístundatíma barnanna í skólanum.
- Stytting vinnuviku – Betri vinnutími hefur mikil áhrif nú þegar í skólastarfinu og við sjáum okkur ekki fært að gera breytingar á haustönn 2022 á því fyrirkomulagi sem í gildi er. Sjá verður hvaða möguleikar eru í stöðunni á vorönn 2023 til að ná fullri styttingu þ.e. 4 klst. vikulega fyrir starfsfólk í 100% starfi skv. þeim kjarasamningum sem leggja upp með slíkt.

7. Samráðsfundir barna og kennara – barnafundir

Í eldri árgöngum Krikaskóla hafa barnafundir verið haldnir en þar eru tekin fyrir ýmis málefni sem brýnt er að fjalla um hverju sinni. Fundirnir eru haldnir frá 4ra ára og verða flóknari að gerð eftir því sem börnin eldast. Mál eru sett á dagskrá og rædd – lausna og leiða leitað í samvinnu allra. Mörg álitamál koma upp og allir eiga möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Reglulega hefur skólinn fengið fræðsluerindi – bæði frá starfsmönnum skólans og utanaðkomandi til að rifja upp með öllum starfsmönnum áhersluatriðin og helstu leiðir. Kennarar bæði úr leik- og grunnskólahluta skólans hafa einnig sótt sér námskeið í Jákvæðum aga – bæði innanlands sem og erlendis.

Covid ráðstafanir höfðu mikil áhrif á áherslur okkur í Jákvæðum aga. Mikilvægt er að taka þær sérstaklega fyrir á næsta skólaári og samræma aftur innan skólans. Hvert teymi þurfi að aðlaga sitt starf að þeim barnahópi og aðstæðum hans. Því er samræmingar þörf að loknum slíkum vetri.

8. Endurmat sérkennsluþarfa og áætlanir um aðkomu sérfræðiþjónustu

Árlega fer fram mat á stöðu einstaklingsmála í skólanum með aðkomu skólastjórnenda, skólafulltrúa, skólasálfræðings og verkefnastjóra sérkennslu. Haldnir hafa verið matsfundir tvisvar á skólaárinu þar sem farið er yfir hvert mál einstaklinga. Þörf er metin á utanaðkomandi þjónustu – stöðu greininga – einstaklingsnámskrár yfirfarnar og hvort hægt sé að loka einhverjum málum.

Sérfræðiþjónusta kallar eftir skýrslum um stöðu mála innan skólans og verkefnastjóri sérkennslu sér um skil á þeim. Skýrslur eru fyrir jöfnunarsjóð sveitarfélaga, stöðu tvítyngdra og erlendra barna og almenn skýrsla um sérkennslumál skólans.

Ljóst er að mjög flókinn barnahópur er í Krikaskóla. Börn með fjölbreyttar greiningar sem mæta þarf í skólastarfi. Við höfum á að skipa mjög hæfu fólki sem heldur utanum og leiðir starfið sem hefur skilað okkur mjög góðum árangri. Ljóst er að næsta skólaár verður aðeins breyting á samsetningu en

áfram verður u.þ.b. 25% barna á grunnskólaaldri með töluverðar einstaklingsþarfir – og á leikskólaaldri er greiningum að fjölga.

Áherslan hefur verið á að verkefnastjóri sérkennslu sjái um skráningar, fundi og samskipti við sérfræðinga utan skólans. Þroskaþjálfar í grunnskólastarfinu halda utanum sín mál og eru sjálfstæðir í sínum störfum í samvinnu við grunnskólakennara.

Allir kennarar skólans sinna sérkennsluþörfum og hluti af tíma þeirra skilgreindur til þeirra starfa.

9. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun skólans er unnin á haustönn af skólastjóra, sem leggur hana fram til framkvæmdastjóra fræðsluviðs. Hún er endurskoðuð af skólastjóra og framkvæmdastjóra sviðsins sem leggur hana svo fram.

Haldnir eru fjármálafundir eftir hvern ársfjórðung til að meta stöðu mála. Kallað er eftir skýringum á einstökum liðum í rekstri skólans og skólastjóri leggur fram skýringar um breytingar ef einhverjar eru.

Fjárhagsáætlun ársins 2021 stóðst vel í Krikaskóla. Það sem af er fjárhagsárinu 2022 er skólinn að standast áætlun að mestu en mikil langvarandi veikindi starfsfólks og forföll vegna Covid - 19 hafa haft áhrif frá því sem áætlað var.

Liður vegna aðkeyþtra ræsting þarfnast endurskoðunar við þar sem færa þurfti ræstingu út fyrir dagvinnutíma vegna breyttrar notkunar á skólahúsnæðinu og stóð það tímabili yfir í lengri tíma en áætlað var. Ljóst var að flækjustigið var einnig mikið vegna mikilla framkvæmda í og við skólann. Samningum við Hreint ehf. var sagt upp og munu nýir aðilar taka við daglegum þrifum í skólanum í ágúst 2022. Við bindum vonir við að betri niðurstaða fáiast í en erfitt reyndist að fá dagleg þrif í sæmilegt horf.

10. Skólaþing

Skólaþing var haldið 22. júní 2022 með börnum í 4. bekk. Þrjú þemu voru í umræðunni: Hvað er best við Krikaskóla? Hverju má breyta? Hvað má alls ekki breytast? Börnin í 4. bekk geta þá rætt við okkur um framtíðina og upplifun af skólaárunum í Krikaskóla áður en þau hverfa á braut. Við höfum haldið slík skólaþing á hverju ári nú í 8 ár – ýmist eingöngu með börnum úr elstu árgöngum skólans en stundum með fjölbreyttari aldurshópi.

Börnin eiga mikinn þátt í Krikaskóla, skólabrag og menningu og við viljum halda áfram að vinna á lýðræðislegum nótum til að efla starf Krikaskóla.

Helstu niðurstöður af skólaþingi er hversu ánægð þau eru með skólann sinn. Þau lýsa yfir mjög góðri tilfinningu fyrir námi og leik, aðstæðum og skipulagi. Það kemur fram hjá þeim að þau vilja gjarnan vera áfram í Krikaskóla – og að aðalatriðið í skólastarfinu séu kennararnir og annað starfsfólk skólans. Við fáum gjarnan mikil gullkorn og heilræði í tengslum við þeirra sjónarmið.

Eitt þeirra er: „**Góðir kennarar sem hughreysta og kenna okkur. Hvað við fáum stór tækifæri til að bæta okkur**“.

11. Ýmis verkefni

Vettvangsnám kennaranema – innlent og erlent

Á hverju skólaári koma nemar til okkar í Krikaskóla frá íslensku háskólunum. Þeir eru að mennta sig í leik-og grunnskólafræði en einnig hafa komið til okkar þroskaþjálfanemar. Nemar hafa komið frá Háskólanum á Akureyri og einnig Háskóla Íslands, Menntavísindasviði. Fyrirkomulag og tímalengd vettvangsnáms er mjög breytilegt, bæði eftir því hvar nemar eru staddir í sínu námi en ekki síður frá hvaða skóla þeir koma.

Á síðasta skólaári barst okkur svo ósk frá Bandaríkjunum um að taka þátt í verkefni með kennaranemum þar sem við og gerðum. Við endurtókum leikinn í ár og hér er smá frásögn af því:

Undanfarnar vikur hefur 4. bekkur verið í samstarfi við kennaranema í Bates háskólanum í Bandaríkjunum. Kennaranemarnir Ellie, Sophie og Julia hafa hringt í 4. bekk í gegnum Zoom og bæði kennt börnunum og fylgst með kennslu. Viðfangsefnið sem þær skipulögðu voru m.a. verkefni um borgir í Bandaríkjunum og Maine (fylkið sem þær búa í), hátíðir í Bandaríkjunum, tónlistarstefnur, föndur á valentínusardaginn og krossgáta um árstíðir. Samstarfið hefur gengið mjög vel og er virkilega gaman að sjá hvað börnin eru dugleg að tjá sig á ensku.

Samstarfsverkefnið komst á vegna fyrri samskipta við prófessor Jean C. Whitney við Krikaskóla. Námskeiðið sem nemarnir í Bates College sátu í tengslum við þetta vettvangsnám heitir “Comparative and International Education” og er mjög áhugavert í alla staði.

Framkvæmdir innan og utandyra

Skólaárið einkenndist mikið af miklum framkvæmdum í og við skólann. Mosfellsbær lét kanna allt skólahúsnæði sveitarfélagsins með tilliti til loftgæða og raka. Við slíka könnun kom í ljós að vandi var í Krikaskóla. Raki hafði komist í sökkul meðfram norðurhlið skólans og örveruvöxtur kom fram á nokkrum stöðum í starfsmannaaðstöðu.

Ákveðið var að fara í miklar framkvæmdir á norðurhlið skólans, allir gluggar á neðri hæð voru endurhannaðir og skipt um þá. Gömlu gluggarnir voru því allir sagaðir úr og hreinsað í kringum þá áður en nýju gluggarnir voru settir í. Þeir ná því ekki lengur niður að jörð. Hreinsa þurfti frá húsnæðinu að utanverðu, skafa og einangra sökkul upp á nýtt. Taka þurfti upp gólfefni, slípa og hreinsa gólfina og leggja ný efni að hluta eða öllu leiti í hverju rými. Af þessu varð mikið rask fyrir starfsemi og vinnuaðstæður í skólanum.

Í ljós kom einnig þegar verkið var hafið að sökkull undir hreyfirými væri mjög blautur. Það var þó af einhverjum öðrum orsökum. Í ljós kom að rör voru í sundur, dren skemmt og fleira sem þurfti að laga. Því þurfti að hreinsa allt úr úr rýminu og það því úr leik til lengri tíma. Við fengum það svo til nota í desember og mátti ekki tæpara standa að koma íþróttakennslunni í hús.

Allir fundu fyrir þessum framkvæmdum, list-og verkgreinakennsla, íþróttir, eldhúsið, þvottahúsið, kaffistofa starfsfólks, funda-og undirbúningsaðstaða kennara og allar skrifstofur þurftu að vera sveigjanlegar til að láta starfsemi ekki líða. Það tókst með miklum ágætum að raska námi og daglegum venjum barnanna sem minnst. Þar á starfsfólk miklar þakkir fyrir.


HG-verktakar sáu um verkið og verkfræðistofan Efla um eftirlit og umsjón verkefnisins. Ágætis samstarf náðist varðandi annað starf í skólanum.

Jarðarstundir

Verkefnið Jarðarstundir fékk styrk úr Klörusjóði fyrir skólaárið 2021-2022. Elena Martinez Perez leiddi verkefnið í Krikaskóla. Verkefnið er um umhverfismennt í daglegu lífi. Á haustönninni voru neikvæð áhrif skoðuð en á vorönn unnið að því að auka jákvæð áhrif á umhverfið.

Hluti verkefnisins var unnin í ákveðnum aldurshópum en annað hefur náð til fjölmargra aldurshópa innan skólans.

Áhersluatriðum var skipt niður á mánuði ársins og sjá má á meðfylgjandi teikningu:



12. Starfsáætlun - Skólanámskrá

Skólaárið 2021-22 var Skólanámskrá Krikaskóla endurskoðuð og gefin út. Henni er skipt í almennan hluta sem gildir fyrir skólann í heild sinni. Grunnskólahlutinn skiptist í árgangahluta og námssvið/greinahluta fyrir 1. til 4. bekk. Leikskólahlutinn skiptist í árgangahluta sem einnig tekur til námssviða leikskólans. Leikskólahluti námsskrár er í vinnslu innan skólans og mun koma út skólaárið 2022-2023.

Starfsáætlun er gefin út á hverju ári að hausti og lögð fram til kynningar hjá Skólaráði og í fræðslunefnd skv. ákvörðun fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar.

13. Endurmat á samkomulagi við grunnskólakennara

Samkomulag við grunnskólakennara í Krikaskóla byggir á breyttu vinnulagi og starfstíma skólans. Samkomulagið er metið þrisvar yfir skólaárið í samtali trúnaðarmanns grunnskólakennara og skólastjórnenda. Framkvæmdastjóri fræðsluviðs hefur komið einu sinni yfir skólaárið, ef þörf er á, til fundar með trúnaðarmanni grunnskólakennara og skólastjóra varðandi samkomulagið.

Almenn ánægja ríkir með samkomulagið í Krikaskóla og engin breyting var gerð á því fyrir skólaárið 2021-2022. Samkomulag verður áfram gert við grunnskólakennara í Krikaskóla vegna 200 daga skóladagatala og áherslu skólans á samfellu í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.

14. Vinnueftirlitið - áhættumat

Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður – ásamt öryggisnefnd Krikaskóla vinnur áhættumat á skólahúsnæði og aðstæðum starfsmanna. Hvert teymi fyllir út eyðublað með upplýsingum sem síðan eru dregnar saman og lagðar fyrir starfsmannahópinn. Lögð er áhersla á að finna leiðir og úrbætur á þeim athugasemdom sem koma fram hjá starfsmönnum.

Ný öryggisnefnd var tilnefnd og kosin af starfsfólki á árinu. Hún hefur öll sótt sér námskeið og mun því vel til þess fallin að gæta að öryggi okkar og hollustuháttum á vinnustað.

16. Starfendarannsóknir Krikaskóla

Eftirfarandi starfendarannsóknir voru unnar í Krikaskóla skólaárið 2021-2022:

- Sumarhátíð Krikaskóla – fyrirkomulag og áætlun. Haraldur Sigmundsson
- Teymisvinna. Bryndís María Olsen, Hlín Ólafsdóttir, Soffía Fransiska Rafnsdóttir Hede, Guðrún Ragna Emilsdóttir og Vala Margrét Jóhannsdóttir.
- Að kenna heilsu. Hvernig er hægt að gera KrikaFit skilvirkara? Eliths Freyr Heimisson

17. COVID-19

Áhrifa Covid-19 gætti fljótlega við upphaf skólaársins. Aðgangur foreldra að skólanum var strax skertur og foreldrar fengu aðeins aðgang að fataherbergjum. Við aðlögun nýrra barna í leikskóla þetta haustið voru foreldrar beðnir að nota andlitsgrímur meðan á veru þeirra í skólanum stóð. Venjulega eru þeir velkomnir í kaffistofu og farið er með þá í skoðunarferð um skólann en það var ekki hægt að þessu sinni.

Skólasetning 16. ágúst 2021 var á lóð skólans og hópnum var skipt á eftirfarandi tíma vegna samkomutakmarka: 1. og 4. bekkur kl. 9:30 – 2. og 3. bekkur kl. 10:30. Foreldrar nýrra barna sem fylgja þurfti voru beðnir að bera andlitsgrímur meðan þeir stöldruðu við í skólanum. Engar formlegar takmarkanir fyrir skólastarf voru í gildi en fara þurfti eftir almennri reglugerð.

23. ágúst komu nýjar leiðbeiningar fyrir skóla- og frístundastarf vegna farsóttar sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sameinuðust um. Að sama skapi komu nýjar leiðbeiningar um sóttkví til að draga úr útbreiðslu Covid-19 fyrir leikskóla, grunnskóla, frístund og félagsmiðstöðvar frá sóttvarnarlækni og Embætti landlæknis. Áfram voru foreldra aðeins velkomnir í fataherbergi skólans, með grímu og haldi fjarlægð. Inngangar voru skilgreindir fyrir aldurshópna og skólanum skipt í tvö sóttból – leikskóla og grunnskóla. Áhersla var á sóttþreinsun snertiflata yfir daginn. Allar haustkynningar aldurshópna voru færðar í fjarfundi.

10. september sendi skólustjóri póst vegna mikilla forfalla starfsfólks leikskóla. Foreldrar sem hefðu tök á voru beðnir að sækja börn sín milli kl. 13:00 og 14:00. Brugðist var vel við og vel gekk að halda utan um þau börn sem voru áfram í skólanum.

8. október sendi skólustjóri upplýsingapóst þar sem engar sérreglur giltu lengur í skólanum. Sóttvarnir færðust því í almennu reglugerðina en varað var við of mikilli bjartsýni þar sem þó nokkur fjöldi skóla þurfti að loka starfsemi tímabundið vegna smita.

18. október sendi skólustjóri bréf til foreldra barna í Fjallafinku og Uglu-hreiðri og óskaði eftir að börn yrðu sótt fyrir kl. 14:00 vegna forfalla starfsfólks. Vel var brugðist við að vanda og þakkaði skólustjóri foreldrum enn og aftur fyrir samstöðuna.

25. október kom næsta bréf og nú til foreldra barna í Kríu/Lunda og Fjallafinku. Áfram var óskað eftir að þeir sem gætu næðu í börn sín um kl. 14:00.

31. október sendi skólustjóri tölvupóst þar sem foreldrar voru hvattir til ýtrustu varkárni enda mjög mikið um smit í okkar nánasta umhverfi. Álag í skólanum jókst dag frá degi vegna forfalla, endurskipuleggja þurfti starfið dag frá degi miðað við þær aðstæður sem uppi voru.

4. nóvember kom upp smit í Spóa-hreiðri. Þar þurfti Spóa hópurinn að fara í sóttkví og Uglu hópurinn í smitgát.

16. desember voru Jólafréttir sendar út til foreldra. Þar segir m.a.:

Lífið hefur gengið nokkuð vel hér í Krikaskóla. Við höfum tekist á við Covid-19 ráðstafanir með ákveðnu æðruleysi sem hefur skilað okkur góðu skólastarfi, þrátt fyrir fjarvistir bæði barna og starfsfólks. Teymisvinnan í Krikaskóla kemur í veg fyrir mikla röskun á skólastarfinu og að dagskrá barnanna heldur sér þrátt fyrir forföll vegna veikinda eða sóttkvíar. Ennþá erum við ekki að blanda saman leik-og grunnskólabörnum en samgangur á göngum og í matsal er samt heimill. Grunnskólabörnin mega ekki fara yfir 50 í hóp hverju sinni og höfum við fylgt því. Foreldrar eru enn um sinn beðnir að takmarka aðkomu sína inn í skólann og bera áfram grímur.

Við höfum tvisvar sinnum þurft að setja árganga í sóttkví og það var, næstum upp á dag, ár á milli þeirra tilvika. Við þökkum skólasamfélaginu í Krikaskóla í heild sinni. Allir hafa tekið ábyrgð og gætt vel að sóttvörnum, ásamt því að taka ekki áhættu á að koma með kvef eða önnur einkenni til skóla nema að undangenginni sýnatöku.

Næsta mánudag 20. desember hefðum við verið með jólaballið okkar. Sameiginlega stund í sal skólans, dansað í kringum jólatré, sungið saman og fengið jólagesti. Það getur því miður ekki orðið í ljósi aðstæðna. Því verður hvert hreiður með jólastund út af fyrir sig. Við sameinum svo tvo árganga sem fá til sín jólagesti í boði Foreldrafélags Krikaskóla en Leikhópurinn Lotta heimsækir okkur. Allir hópar fá til sín stutta jólaheimsókn í stað sameiginlegrar leiksýningar í salnum. Tveir rauðklæddir sveinar munu afhenda kennurum mandarínur sem síðan sjá um að dreifa til barnanna.

Við nýja reglugerð 23. desember var enn og aftur áréttáðar sóttvarnaraðgerðir. Því hófst nýja árið á ströngum sóttvarnarreglum.

10. janúar féll skóla-og frístundastarf niður í Krikaskóla vegna bólusetninga barna í Laugardalshöll frá kl. 11:00.

12. janúar var róðurinn orðin þungur í skólanum en þá viku vantaði 22-30% af starfsfólki skólans vegna einangrunar eða sóttkvíar. Einfalda þurfti matseðil í eldhúsi þar sem starfsfólk var frá vinnu, allir fengu þó að borða. 4. bekkur þurfti að fara í sóttkví, bæði börn og fullorðnir.

14. janúar sendi skólustjóri út beiðni um að börn í Kríu/Lunda og á Fjallafinku væru sótt fyrr.

31. janúar var svo komið að annarri bólusetningu grunnskólabarnanna í Krikaskóla og því féll skólastarf niður frá kl. 11:00. Frístund var í boði frá kl. 14:00 fyrir þau börn sem áttu skráðan tíma en enginn nýtti sér þann tíma.

2. febrúar 2022 varð svo mikil breyting á stefnu stjórnvalda er varðaði sóttkví og smitgát. Skólastjóri sendi eftirfarandi bréf frá framkvæmdarstjóra fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar til foreldra:

Í síðustu viku voru samþykktar breytingar á reglum um sóttkví og smitgát sem hafa mikil áhrif á skóla- og frístundastarf. Samkvæmt nýjum reglum þurfa börn á leik- og grunnskólaaldri ekki að fara í smitgát eða sóttkví nema þau hafi orðið útsett fyrir smiti innan heimilis. Smitrakningu í skóla- og frístundastarfi hefur því alfarið verið hætt. Upplýsingar frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti hvað þetta varðar eru að finna hér.

Í framhaldi af þessum aðgerðum og meðan á afléttingum sóttvarnaaðgerða stendur má búast við að samfélagssmitum fjölgi tímabundið. Foreldrar mega því búast við að fjölgun smita meðal starfsfólks raski tímabundið starfsemi leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og tónlistarskóla. Stjórnendur skóla- og frístundastarfs munu reyna að mæta forföllum með afleysingum eins og kostur er hverju sinni.

Fyrirnefndar breytingar á reglum um sóttkví og smitgát og aflétting smittrakningar hefur þau áhrif að skólastjórnendur fá ekki upplýsingar um smit innan leikskóla og grunnskóla frá smittrakningarteymi. Skólastjórnendur leikskóla og grunnskóla munu því ekki hafa tök á að upplýsa foreldra um smit innan skólanna. Foreldrar upplýsa stjórnendur um smit barna sinna ef þeir kjósa svo.

Varkárni verður gætt í skipulagi skólustarfs framundan í þeim tilgangi að fyrirbyggja eins og kostur er að smit berist milli hópa innan skóla. Sem fyrr eru börn og foreldrar hvattir til að huga vel að persónubundnum sóttvörnum. Mælst er til þess að börn mæti ekki í skóla- og frístundastarf sé grunur um Covid-19 smit á heimili og að barnið fari í sýnatöku ef það sýnir einkenni smits. Með kveðju,

Linda Udengárd Framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar

Þar með fékk skólastjóri ekki lengur upplýsingar frá opinberum aðilum og bar ekki lengur ábyrgð á smitrakningu og upplýsingagjöf til foreldra og starfsfólks. Það krafðist breytinga í hugsun og skipulagi sem tók nokkra daga að yfirstíga.

13. febrúar voru foreldrar boðnir velkomnir aftur í skólann. Skólareglugerðin féll úr gildi og almennar reglur giltu því í skólustarfi eins og annarstaðar. Aðeins þurfti að bera grímu ef ekki væri hægt að virða fjarlægðarmörk. Sóttkví og smitgát féll niður, aðeins þeir sem fengu staðfest með pcr-prófi að um Covid-19 sýkingu væri að ræða sættu einangrun.

14. febrúar féll frístundastarf niður þegar aðeins einn starfsmaður stóð vaktina. Grunnskólastarfinu var haldið úti af tveimur umsjónarkennurum, þroskaþjálfara, íþróttakennara og myndlistarkennara. Leikskólabörn þurfti einnig að sækja fyrr þar sem mikil forföll voru á starfsfólki. Veðrið var einnig ekki allveg að vinna með okkur þessa daga, aftakaveður og færð slæm. Það kórónaði málið.

16. mars sendi skólastjóri eftirfarandi í pósti til foreldra:

Nú erum við vonandi að komast fyrir vind í Krikaskóla vegna Covid-veikinda. Það hafa verið mikil forföll síðustu vikur, bæði starfsfólks og barna. Oft hefur það haldist í hendur og því höfum við náð að halda að mestu leiti óskertu skólustarfi. Það hefur hins vegar ekki alltaf verið hefðbundið í neinum skilningi og við þurft að aðlaga okkur daglega miðað við stöðu mála. Námsmarkmiðum hefur samt verið haldið eins og tók eru á. Ég er stolt af metnaði kennara og starfsfólks skólans fyrir hönd barnanna þrátt fyrir flóknar ytri aðstæður sem við stjórnnum ekki.

28. júní voru svo skólaslit í Krikaskóla eftir þungt skólaár. Í fyrsta sinnið mættu börnin aðeins við skólaslit og útskrift kl. 10:00. Allir tóku við vitnisburði sínum hjá kennurum sínum og fengu góðar kveðjur inn í sumarið. Að lokum skálaði starfsfólk fyrir börnunum, fjölskyldum þeirra og okkur sjálfum að loknu þessu skólaári.

Skólastjóri sendi foreldrum 22 upplýsingapósta um Covid-19 ástandið, nýjar reglugerðir og viðbrögð skólans á skólaárinu. Stuðningur foreldra við starf skólans var mikill og mikið þakklæti fyrir okkar störf.

Samstarf og samráð aðila í Mosfellsbæ var mikið. Reglulega var fundað með Fræðsluskrifstofu og skólastjórnendum og öðrum þeim aðilum sem koma að börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Þar var hægt að fara yfir reglugerðir og leiðbeiningar Almannafræðis og þau tilmæli sem bást. Hægt var að leita lausna í samvinnu við aðra og sameinast um aðgerðir. Sérstaða hvers skóla og aðstaða er þó nokkur en öflugt samstarf styrkir ákvarðanir og gefur öllum nýjar hugmyndir. Slíkur mannauður er ómetanlegur þegar vinna þarf í flóknum verkefnum.

Þrátt fyrir alla þessa upptalningu staðreynda er aðeins tæpt á öllum þeim áskorunum sem við stóðum frammi fyrir á skólaárinu 2021-2022. Margar sögur eru ósagðar og ýmislegt sem látið er liggja milli hluta í þessari samantekt.

Lokaorð

Skólaárið 2021-2022 er eftirminnilegt á svo margan hátt. Ekki síst að það byrjaði á þeim vonbrigðum að við værum enn og aftur að glíma við heimsfaraldur við skipulag og framkvæmd skólafarfa. Eins að gríðarlega flókin tími tók við þegar flestum fyrri vörnum var hætt.

Það var áfram sérstakt að skólafarf sé skipulagt út frá þeirri meginsýn að senda þurfi sem fæsta í sóttkví ef upp kemur smit hjá barni eða fullorðnum í skólasamfélaginu. Margt gekk vel og árangur barna var almennt góður. Við sjáum þó að þeir sem stóðu að einhverju leiti höllum fæti gera það enn og vandinn hefur ekki minnkað. Þar er mikið verk að vinna og þreyta var mjög sýnileg í mannskapnum í lok júní.

Ytra matið fór fram á vegum Menntamálastofnunar í október 2021 á grunnskólastarfinu og frístundinni okkar. Það var ánægjulegt verkefni í alla staði og gaf okkur mikið af góðum upplýsingum. Bæði um það sem vel er gert og það sem má bæta. Við gengum stolt frá því verkefni sem skólasamfélag í Krikaskóla, börn, foreldrar og starfsfólk.

Foreldrasamstarfið er verkefni sem þarf að setja í forgrunn á næstu árum og við þurfum að svara ýmsum spurningum þar. Hversu mikla aðkomu eiga foreldrar að hafa að skólafarfinu og hvar liggja mörkin. Það er mikilvægt að allir séu með skýra sýn um hlutverk skólans og ábyrgð.

Ljóst er að stöðugleiki er góður í starfsmannahópnum milli skólaára og því fögnum við mjög. Starfshópurinn hefur fengið að glíma við flókin verkefni og styrkur hans er mikill. Það hefur verið gæfa skólans á þessu skólaári og lykilinn að því hversu vel gekk í ljósi síbreytilegs skólafarfa.

Heimasíða skólans er komin í hönnunarferli og við í skólanum munum leggja hönd á plóg á haustönninni við innihaldið. Síðan verður byggð upp á þeim skjölum sem þróuð hafa verið í skólanum á síðustu árum þ.e. Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í þessari samantekt er tekið til þátta sem ekki koma inn í starfsáætlun skólans eða í skólanámskrá með beinum hætti. Við leggjum áherslu á að allar ábendingar um þætti sem vantar inn í skýrsluna, frá foreldrum eða öðrum í skólasamfélagi Krikaskóla, eru vel þagnar.